

Nr. 104 / 09 Stakkhamar SH 221***Vélarbilun og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2504
Smíðaður: Hafnarfirði 2001 plast
Stærð: 5,4 brl. 4,6 bt.
Mesta lengd: 7,71 m Skráð lengd: 7,67 m
Breidd: 2,54 m Dýpt: 0,91 m
Vél: Volvo Penta 133 kW 2003
Fjöldi skipverja: 1



Stakkhamar ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. ágúst 2009 var Stakkhamar SH 221 á handfæraveiðum á Flákahorninu á Breiðafirði. Veður: Logn.

Aðvörunarkerfi vélarinnar gaf til kynna að hitastig var að aukast svo bátsverjinn stöðvaði hana og í ljós kom að gat var komið á hosu í kælikerfi hennar. Vara hosa var til um borð en þar sem ekkert vatn var til að bæta á kerfið fékk hann Særúnu SH til að draga bátinn til Rifshafnar.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.